

Sp. 10. Tillaga til þingsályktunar [10. mál]

um rannsóknarnefnd þingmanna til að kanna rekstur Innkaupastofnunar ríkisins.

Flm.: Kristín S. Kvaran, Kristín Halldórsdóttir, Kolbrún Jónsdóttir.

Alþingi samþykkir að kjósa nýu manna rannsóknarnefnd, skipaða þingmönnum frá öllum þingflokkum, til þess að kanna rekstur Innkaupastofnunar ríkisins.

Greinargerð.

Margítrekað hefur verið bent á nauðsyn þess að löggjafarvaldið gegni með ótvíræðum hætti eftirlitshlutverki sínu með framkvæmdarvaldinu. Þessi ályktunartillaga er liður í því að leggja beri áherslu á það hlutverk þingsins þegar tilefni gefast.

Nýverið varð uppvíst um fjárvik sem tengdust Innkaupastofnun ríkisins. Maður nokkur var kærður, grunaður um að hafa um átta mánaða skeið falsað svo milljónum króna skipti ávísanir sem hann hafði tekið við sem greiðslu fyrir verktakastörf fyrir stofnunina. Greint var frá því í fréttum af þessu máli að bókhald verktakafyrirtækisins yrði tekið til rannsóknar og endurskoðunar. Það er sjálfsagt atriði og hefði ekki vakið athygli ef jafnframt hefði komið fram að bókhald Innkaupastofnunarinnar yrði líka tekið til rannsóknar og endurskoðunar.

Það er skylda Alþingis að bregðast skjótt við í máli sem þessu og láta rannsaka fjárhag stofnunarinnar og bókhald ofan í kjölinn. Það verður að koma í ljós í slíkri rannsókn hvernig fjárveitingar til stofnunarinnar nýtast og hvernig stjórn stofnunarinnar almennt er háttað þegar litið er til þess að svo stórar fjárhæðir, sem hér um ræðir, geta verið útistandandi svo mánuðum skiptir án þess að hafa nokkur áhrif á fjárhag stofnunarinnar.

Gagnsemi þessarar stofnunar hefur verið dregin mjög í efa og flutt var um það þingsályktunartillaga af hálfu Bandalags jafnaðarmanna á síðasta þingi að leggja bæri niður starfsemi framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins.

Atburðir þeir, sem nú hafa átt sér stað í tengslum við rekstur þessarar stofnunar, hafa sannað, svo að ekki verður um villst, réttmæti orða flm. tillögunnar, en hann sagði m. a.:

„En í heild má segja að áhrifin af starfsemi þessa fyrirtækis séu þau að framkvæmdir á vegum hins opinbera fara fram með þeim hætti að enginn aðili hefur í raun nokkra yfirsýn yfir það hvaða peningar fara í hvað og með hvaða hætti þeir skila sér.“

Þessi tillaga hlaut aldrei afgreiðslu úr nefnd og segir það sína sögu um vilja þingsins.

Hins vegar getur Alþingi ekki að mati flm. látið sér fátt um finnast, þegar stofnun, sem starfar eftir fyrirmælum þingsins, bregst illilega í því hlutverki sem henni er ætlað. Alþingi verður að hlutast til um að rannsókn fari fram á starfsemi þessarar stofnunar, og þannig mætti jafnframt komast að niðurstöðu um hvort stofnunin eigi í raun nokkurn rétt á sér.

Fylgiskjal.

ÚR LÖGUM NR. 63/1970, UM SKIPAN OPINBERRA FRAMKVÆMDA

14. gr. Innkaupastofnun ríkisins annast útboð verka svo og reikningshald og greiðslur vegna verka. Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins, sbr. 23. gr., undirbýr samningsgerð við verktaka.

Þegar um er að ræða sameiginlega framkvæmd ríkis og sveitarfélags, annast sveitarfélag útboð, undirbúning samningsgerðar við verktaka og reikningshald og greiðslur vegna verksins, nema öðruvísi um semjast eða fjármálaráðherra ákveði annað.

Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir getur áskilið, að sveitarfélag, er sér um útboð vegna framkvæmdar, skuli fá samþykki Innkaupastofnunar ríkisins á útboðslýsingu, áður en útboð fer fram.

Þegar framlög til sameiginlegra framkvæmda ríkis og sveitarfélags eru miðuð við ákveðið einingarverð, sbr. II. kafla laga nr. 49/1967, um skólakostnað, annast sveitarfélag útboð og verklega framkvæmd, nema öðruvísi um semjast.

15. gr. Framkvæmdadeild gerir tillögur til aðila um það, hverju þeirra tilboða, sem borist hafa, skuli tekið eða hvort öllum skuli hafnað, en þá koma til ákvæði 2. mgr. 13. gr.

16. gr. Samningur við verktaka skal undirritaður af hlutaðeigandi ráðuneyti. Þegar um er að ræða sameiginlega framkvæmd ríkis og sveitarfélags eða annars eignaraðila, skal samningur undirritaður af báðum eða öllum aðilum, nema öðruvísi um semjast, sbr. þó 4. mgr. 14. gr.

17. gr. Við hvert verk skal framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins ráða einn eða fleiri sérfróða eftirlitsmenn eftir þörfum, er hafi eftirlit með framkvæmd verksamnings. Eftirlitsmenn skulu samþykktir af eignaraðila eða eignaraðilum sameiginlega, ef um fleiri er að ræða. Í sérstöku erindisbréfi skal kveða á um störf og valdsvið eftirlitsmanna. Skýrslur eftirlitsmanna ber að senda öllum aðilum að framkvæmdum og ríkisendurskoðun. Framkvæmdadeildin ber ábyrgð á störfum eftirlitsmanna gagnvart eignaraðilum.

18. gr. Allur kostnaður vegna starfa eftirlitsmanns telst til stofnkostnaðar opinberra framkvæmda.

19. gr. Nú raskast kostnaðar- eða tímaáætlun verks vegna verðlagsbreytinga eða af tæknilegum orsökum, og skal þá hlutaðeigandi ráðuneyti svo fljótt sem auðið er gera tillögur til fjármálaráðuneytisins um breytta greiðsluáætlun. Samþykki fjármálaráðuneytið hina breyttu greiðsluáætlun, skal miða við hana í frumvarpi til fjárlaga næsta árs. Sé um að ræða sameiginlega framkvæmd ríkis og annars aðila, komi einnig til samþykki þess aðila á breyttri greiðsluáætlun.

V. kafli. Skilamat.

20. gr. Að lokinni verklegri framkvæmd og úttekt skal fara fram skilamat. Í matinu skal gerð grein fyrir því, hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun. Enn fremur skal þar gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir, sem þegar hafa verið metnar.

Ríkisendurskoðun setur nánari reglur um fyrirkomulag skilamats og sér um það, að greinargerðir um skilamat séu lagðar fyrir fjárveitinganefnd Alþingis, samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir og eignaraðila.